



Samkeppnisreglur

Hönnunarsamkeppni í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

Um hönnunarkeppnir

Í hönnunarsamkeppni berast margar góðar tillögur, þær virkja faghópa til þátttöku, skapa umræður og vekja athygli á verkefninu og skipuleggjanda keppni. Mikilvægt er að verkefnið sé mjög vel skilgreint og markmið skýr. Góð keppnislýsing leiðir til betri niðurstöðu og fleiri innsendinga, enda geta skipuleggjandi keppni og þátttakendur ekki skipst beint á skoðunum um hugmyndir og markmið eins og þegar leitað er til ákveðins hönnuðar eða hönnuða. Fjöldi keppenda og hæfni fer eftir aðstæðum á hverjum tíma, þema keppninnar og ekki síst verðlaununum sem í boði eru. Því fylgi kostnaður og vinna að skipuleggja og halda hönnunarsamkeppni, er afraksturinn yfirleitt mjög góður þegar vel er að verki staðið.

Þegar hönnunarkeppni er haldin, er gott að hafa í huga nokkur mikilvæg atriði:

Vegleg verðlaun

Vel skipulögð keppni með góðum verðlaunum getur laðað fjölmarga til þátttöku. Margir hönnuðir leggja mikla vinnu í verkefnið en aðeins örfáir hljóta verðlaun, þess vegna þurfa verðlaun að vera vegleg og hærri en venjuleg þóknun. Verðlaunafé er einungis greiðsla fyrir verðlaunatillögu. Þóknun fyrir notkunarrétt á tillögunni, eða frekari vinnsla hennar er ekki innifalin í auglýstu verðlaunafé. Hönnunarkeppni er ekki hagkvæm leið til að fá mikla og fjölbreytta vinnu frá hönnuðum.

Hæf dómnefnd

Til að tryggja góða þátttöku í samkeppni er skilyrði að tillögur séu dæmdar af faglegri dómnefnd. Meirihluti dómnefndarmanna er fagfólk tilnefnt af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs í samráði við keppnishaldara. Alla aðila dómnefndar þarf að nafngreina þegar boðið er til keppni, enda sjálfsgöð krafa að keppendur viti hverjir dæma verk þeirra.

Rúmur skilafrestur

Hönnuðir vinna tillögur fyrir keppni samhliða öðrum verkefnum og oft utan venjulegs vinnutíma. Hönnunarverkefni krefst tíma til að safna gögnum, gera tilraunir og ekki síst til sjálfrar hönnunarinnar. Rúmur skilafrestur tryggir vönduð vinnubrögð, sterkari tillögur og betri árangur.

Nafnleynd

Til að tryggja sé að innsend verk í keppni verði dæmd af hlutleysi, og gæði hugmynda og útfærslu skipti ein máli við matið, má dómnefnd ekki vera kunnugt um nafn hönnuðarins.

Keppnisreglur

fyrir fyrirtæki, samtök, opinberar stofnanir og aðra sem hyggjast standa fyrir hönnunarkeppni. Samstarf við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs um hönnunarkeppni tryggir fagmennsku, gæði og þátttöku íslenskra hönnuða.

Opin keppni | er öllum opin

Opin keppni fyrir hönnuði | er fyrir hönnuði sem eru félagsmenn í félögum nú sem eiga Miðstöð hönnunar og arkitektúrs eða hönnuði einstakra félöga innan Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs.

Lokuð keppni eða keppni með forvali | eru nokkrir hönnuðir valdir til þátttöku og allir fá greitt fyrir tillögur. Þátttakendur eru valdir í gegn um forvalsferli þannig að um tveggja þrepa keppni er að ræða.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

1. Leggur fram reglur og umgjörð keppinnar og veitir keppnishaldara ráðgjöf varðandi framkvæmd hennar.
2. Sér um að tilnefna meirihluta dómnefndar.
3. Sér um að tilnefna keppnisritara í samráði við skipuleggjanda keppni.
4. Kynnir keppnina meðal félagsmanna, aðildarfélaga sinna með öllum tiltækum leiðum og hvetur til þátttöku.

Skipuleggjandi keppni

1. Leggur fram verklýsingu í samráði við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.
2. Sér um að tilnefna minnihluta dómnefndar.
3. Leggur til verðlaunaféð og stendur straum af kostnaði við framkvæmd keppni.

Keppnisritari

1. Er tengiliður við þátttakendur og milli skipuleggjanda keppni og dómnefndar.
2. Svarar spurningum sem berast varðandi keppnina, gerir dómnefnd viðvart og sér til þess að þær ásamt svörum við þeim verði aðgengilegar öðrum hugsanlegum þátttakendum.
3. Skráir öll innsend verk eftir komudegi og tíma.
4. Kannar hvort verkin uppfylli skilyrði sem tilgreind eru í boði til keppni.
5. Upplýsir dómnefndina um það sem máli skiptir fyrir mat hennar.
6. Stýrir vinnu dómnefndar í samráði við formann.
7. Endursendir verkin að keppni lokinni og upplýsir verðlaunahafa.

Framkvæmd keppni

Verkefnið | verður að vera vel skilgreint skriflega með tilliti til markmiðs og innihalds. Tæknilegar kröfur verða að vera nákvæmlega tilgreindar. Þessar forsendur eiga að vera bindandi fyrir dómnefnd þegar hún dæmir verkefnið.

Réttur til þátttöku | í boði til keppni skal tekið skýrt fram til hvaða hóps keppnin nær.

Nafnleynd | allar tillögur sem sendar eru í keppni skulu vera nafnlausar. Tillagan á að vera merkt með einkunnarorði eða númeri og henni skal fylgja seðill með nafni í lokuðu umslagi. Umslagið skal merkt sama einkunnarorði eða númeri og tillagan. Ekki má greina frá réttu nafni verðlaunahafa fyrr en ákvörðun dómnefndar hefur verið færð til bókar.

Skilafrestur | skipuleggjandi keppni stuðlar best að eigin markmiðum með því að hafa rúman skilafrest. Skilafrestur fer eftir eðli keppinnar en amk þrjú mánuðir og ekki minna en tveir. Afhendingarstað (heimilisfang), dagsetningu og tíma skal tilgreina nákvæmlega.

Verk sem ekki verða dæmd | tillaga sem berst ekki innan tilgreinds skilafrests eða uppfyllir ekki önnur tilgreind skilyrði, skal útilokuð frá dómi dómnefndar. Verk sem ekki hljóta verðlaun | verk sem ekki hljóta verðlaun á að endursenda þátttakendum þeim að kostnaðarlausu innan tveggja mánaða frá því að keppni, eða hugsanlega sýningu, lýkur. Nema annað sé tilgreint í keppnislýsingu.

Tryggingar | skipuleggjandi keppni ber ábyrgð á að tryggja innsendar tillögur í keppnina gegn tjóni, þjófnaði eða bruna, frá því að framlagi er skilað til keppinnar og þar til það er endursent. Nema annað sé tilgreint keppnislýsingu.

Kynning

Kynna þarf keppnina vel fyrir öllum þeim sem boðið er til þátttöku. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs sér um kynningar gagnvart hönnuðum en skipuleggjandi keppni sér um að standa straum af kostnaði við frekari kynningar.

Dómnefnd

1. Meirihluti dómnefndarmanna skulu vera fagfólk, starfandi hönnuðir tilnefndir af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Nafngreina þarf alla dómnefndarmenn þegar boðið er til keppni.
2. Dómnefnd velur sér formann
3. Öll innsend verk skal leggja fyrir dómnefnd sem ákveður hvort eitthvert þeirra verði vegna formgalla ekki dæmt.
4. Enga ákvörðun er hægt að taka nema dómnefnd sé fullskipuð.
5. Dómnefndin skal færa til bókar rökstuðning fyrir verðlaunaveitingu

Verðlaun

1. Skulu nema hærri upphæð en venjuleg þóknun fyrir sambærilegt verk á almennum markaði.
2. Verðlaunaupphæð og tilhögun verðlauna skal koma fram í keppnislýsingu, hvort um er að ræða ein verðlaun eða fleiri.

3. Dómnefnd getur ákveðið að breyta auglýstri tilhögun verðlauna telji hún sérstaka ástæðu til. Þ.e. hvort hún veitir ein verðlaun eða deilir þeim á fleiri en einn keppanda.
4. Verðlaunaféð er greiðsla fyrir hugmynd eða innsenda tillögu, greiða þarf fyrir frekari úrvinnslu verkefnisins. Þóknunin er ákveðin með tilliti til umfangs vinnunnar og not hönnunarinnar.
5. Veita skal öll verðlaun sem tilgreind eru í boði til keppni, nema þær tillögur sem borist hafa uppfylli ekki gæðakröfur að mati dómnefndar.
6. Keppnisritari tilkynnir öllum þátttakendum um nöfn verðlaunahafa
7. Verðlaun og hugsanleg þóknun vegna kaupa á verkum eiga undir venjulegum kringumstæðum að hafa verið greiddar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að dómnefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn.
8. Ef skipuleggjandi keppni hefur ekki nýtt sér verðlaunatillögu ári eftir að keppni hefur farið fram er hönnuði frjálst að nýta hana að vild.

Sýning

1. tilgreina skal í upphafi hvort standi til að halda sýningu á keppnistillögum.
2. Þegar keppnistillögur eru hafðar til sýnis, eiga þeir þátttakendur sem ekki hafa hlotið verðlaun rétt á að draga tillögur sínar til baka nema annað sé tilgreint í keppnislýsingu.

Úrvinnsla keppnistillögu

Óski verkkaupi eftir því að fá unnið úr tillögu, hvort sem hún hefur hlotið verðlaun eða ekki, skal verkið falið upphaflegum hönnuði. Fyrir það skal greiða sérstaklega í samræmi við gildandi markaðsverð í hverju einstöku tilviki. Ef um er að ræða hlut sem á að selja á almennum markaði þarf að semja um hlut til hönnuðar, einnig birtingarétt og annað sem við á í hverju tilfelli fyrir sig.

Viðbótarleiðbeiningar um lokaða keppni

Reglur og leiðbeiningar sem gilda um opna keppni, gilda einnig um lokaða keppni, með eftirfarandi viðbótum:

1. Öllum þátttakendum sem þegið hafa boð til keppni og afhent verk sitt á réttum tíma, skal greiða jafnháa þóknun. Hún skal vera amk. jafnhá því sem tíðkast að greiða fyrir sambærilegt verkefni. Einnig skal veita verðlaun.
2. Boði til keppni skulu fylgja nöfn allra þeirra hönnuða sem taka þátt í henni.

**Miðstöð hönnunar
og arkitektúrs**
**Iceland Design
and Architecture**

